

Föstudagurinn 27. júní 2025

Álit nr. 1/2025

Framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda

1. Í samræmi við 18. gr. samkeppnislaga og c-lið 1. mgr. 3. gr. sömu laga beinir Samkeppniseftirlitið álit á þessu til atvinnuvegaráðherra¹ og endurskoðendaráðs. Varðar álitid tilhögun og framkvæmd gæðaeftirlits með endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum. Framkvæmd gæðaeftirlits er í höndum endurskoðendaráðs, en um það er fjallað í lögum nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.
2. Í framkvæmd er gæðaeftirliti með endurskoðendum útvistað til starfandi endurskoðenda, en í því getur falist að endurskoðendur séu fengnir til að framkvæma gæðaeftirlit hjá keppinautum sínum.
3. Til grundvallar álitinu liggur athugun sem hófst eftir að Samkeppniseftirlitinu barst kvörtun frá endurskoðunarfyrtæki sem óskaði eftir nafnleynd.
4. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að núgildandi tilhögun á gæðaeftirliti með endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sé til þess fallin að skaða samkeppni á viðkomandi markaði og stríði þannig gegn markmiði samkeppnislaga. Eftirfarandi tilmælum er því beint til atvinnuvegaráðherra og endurskoðendaráðs:
 - (i) **Mælst er til þess að atvinnuvegaráðuneytið endurskoði núverandi framkvæmd á gæðaeftirliti með endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum.**
 - (ii) **Þar til að ofangreind endurskoðun hefur farið fram beinir Samkeppniseftirlitið því til ráðuneytisins og endurskoðendaráðs að tryggja að við úthlutun verkefna í gæðaeftirliti verði spornað við því að eftirlitið sé í höndum beinna keppinauta þeirra aðila sem sæta eftirliti hverju sinni.**
 - (iii) **Tryggja verður að þátttakendur í gæðaeftirliti á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun séu meðvitaðir um að þátttakan getur falið í sér háttsemi sem fer gegn banni við ólögmetu samráði.**
5. Tilmælin eru nánar rakin í 5. kafla álits þessa. Í álitinu er upphafleg kvörtun jafnframt rakin (1. kafli), fjallað um lagaumhverfið og samkeppnisaðstæður á þessu sviði (2. og 3. kafli) og reifuð sjónarmið og upplýsingar sem aflað var við athugunina (4. kafli).

¹ Þegar kvörtunin barst heyrði málaflókkurinn undir menningar- og viðskiptaráðuneytið, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 5/2025.



1. Kvörtun endurskoðunarfyrtækis til Samkeppniseftirlitsins

Um samkeppnislög og hlutverk Samkeppniseftirlitsins

6. Málið hófst með kvörtun sem Samkeppniseftirlitinu barst frá endurskoðunarfyrtæki þar sem kvartað var yfir framkvæmd gæðaeftirlits endurskoðendaráðs. Kvartandinn óskaði eftir nafnleynd, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Varð Samkeppniseftirlitið við þeirri beiðni kvartanda, enda uppfyllti kvartandi þau skilyrði sem þar er að finna. Í athugasemdum við umsagnir endurskoðendaráðs og menningar- og viðskiptaráðuneytis (nú atvinnuvegaráðuneytis) áréttaði kvartandi beiðni sína um trúnað. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem breytir því mati Samkeppniseftirlitsins að veita kvartandanum nafnleynd. Verður því vísað til endurskoðunarfyrtækisins sem „kvartanda“ í áliti þessu.
7. Í kvörtuninni kemur fram að starfandi endurskoðendum sé falið af endurskoðendaráði að framkvæma gæðaeftirlit hjá keppinautum sínum og sé þannig veittur aðgangur að viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum. Kvartandi gerði í kvörtun sinni annars vegar alvarlegar athugasemdir við að honum hafi verið gert að láta keppinautum sínum í té viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem geti hagnýtt í sínum rekstri. Um sé að ræða upplýsingar um viðskiptavini, útgefna reikninga, tímaskýrslur og framlegð. Slíkar upplýsingar séu þess eðlis, að mati kvartanda, að sá sem við þeim taki geti hæglega nýtt sér þær í sinni eigin starfsemi á markaðinum. Í kvörtuninni er einnig tekið fram að ef slíkar upplýsingar væru undir öðrum kringumstæðum sendar á milli keppinauta á markaði þá væri slíkt líklegast álitið brot gegn samkeppnislögum.
8. Í erindi sínu byggir kvartandi einnig á því að fyrirkomulag eftirlitsins gefi gæðaeftirlitsmanni tækifæri, í krafti opinbers valds, að leggja stein í götu keppinauta sinna með því að hægja á rekstri þeirra og auka kostnað. Það geti hann t.d. gert með því að kveða á um íþyngjandi málsmeðferð, krefjast ýmiskonar upplýsinga, hafa ákvörðunarvald um þann tíma sem hann nýtir í eftirlitið og komist að niðurstöðu sem mun hafa bagalegar afleiðingar fyrir þann sem eftirlitinu sætir. Segir enn fremur í kvörtuninni að þetta sé allt án þess að sá sem gæðaeftirlitinu sæti fái rönd við reist.
9. Gæðaeftirlitið er samkvæmt kvartanda meira íþyngjandi fyrir minni aðila þar sem stærri fyrirtæki í eigi mun auðveldara um vik með að bera kostnað af eftirlitinu, sem verði mun lægra hlutfall af heildar rekstrarkostnaði þeirra. Telur kvartandi þetta vera eitt af þeim atriðum sem valdið hefur miklu brotthvarfi smærri keppinauta á markaðnum. Kostnaður við gæðaeftirlit er innheimtur með þjónustugjöldum á grundvelli gjaldskrár en tímagjaldið hækkar samkvæmt vísitölu ár hvert. Samkvæmt 2. gr. gjaldskrárinnar er tímagjaldið fyrir hverja unna klukkustund kr. 22.500.²
10. Í erindinu er óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið gripi til aðgerða á grundvelli b-liðar 16. gr. samkeppnislaga, en samkvæmt ákvæðinu getur eftirlitið gripið til aðgerða gegn opinberum aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskyldu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna. Einnig vísaði kvartandi til c-liðar 8. gr. samkeppnislaga en þar segir að það sé hlutverk eftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelða aðgang nýrra samkeppniaðila að markaði. Telji Samkeppniseftirlitið ekki tilefni til að grípa til aðgerða þá krefst kvartandi þess að stofnunin

² Tímagjaldið árið 2024 var 27.926 kr. auk virðisaukaskatts.



veki athygli ráðherra á því að reglur um gæðaeftirlit endurskoðenda stríði gegn markmiði samkeppnislaga og torveldi frjálsa samkeppni, sbr. 18. gr. samkeppnislaga.

2. Lagaumhverfi og samkeppni

11. Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Markmiðinu skal ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkuðum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum, auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum og stuðla að heilbrigðu samkeppnisumhverfi til hagsbóta fyrir neytendur.
12. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði. Er Samkeppniseftirlitinu m.a. ætlað að vekja athygli ráðherra á því með sérstöku álit ef það telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði samkeppnislaga og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum.
13. Samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. samkeppnislaga geta upplýsingaskipti og samstarf á milli fyrirtækja falið í sér brot gegn bannreglum laganna. Upplýsingaskipti á milli keppinauta sem eru til komin vegna laga eða athafna opinberra aðila geta haft sambærileg áhrif og ólögmætt samráð, en sjálfstæði keppinauta og óvissa um fyrirætlanir þeirra er grundvallarforsenda virkrar samkeppni.³

Um eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum

14. Samkvæmt 33. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019, annast endurskoðendaráð eftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja. Telst ráðið sjálfstæð stjórnarsýslunefnd, sbr. breytingar á ákvæðinu sem gerðar voru með lögum nr. 6/2024.
15. Í 1. mgr. 34. gr. laganna segir að eftirliti með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum skuli stýrt af einstaklingum sem ekki eru starfandi sem endurskoðendur, en hafa þekkingu til að bera á sviðum sem tengjast endurskoðun. Í 3. mgr. sömu greinar segir að endurskoðendaráð geti leitað ráðgjafar endurskoðenda og annarra sérfræðinga og útvistað einstökum eftirlitsverkefnum, en að öll ákvörðunartaka sé hjá endurskoðendaráði. Einnig er nú ráðinu heimilt að ráða sér starfsmann til að ráðið geti sinnt skyldum sínum.
16. Um gæðaeftirlit er svo fjallað í VII. kafla laganna, en þar segir m.a. í 31. gr. að endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum sé skylt að sæta gæðaeftirliti á grundvelli áhættugreiningar eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum þurfa þó að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
17. Í 1. mgr. 40. gr. er veitt heimild til að innheimta þjónustugjöld fyrir gæðaeftirliti með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Líkt og áður hefur verið vísað til hefur verið sett gjaldskrá fyrir þjónustugjöld vegna gæðaeftirlitsins.

³ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019: „Fákeppnismarkaðir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hvers konar samstarfi keppinauta þar sem auðveldara er að viðhafa samráð eða samkeppnishamlandi samhæfingu við slíkar aðstæður og því enn ríkari ástæða til að standa vörð um sjálfstæða ákvarðanatöku keppinauta og þá samkeppni sem ríkt getur á markaðnum þrátt fyrir fákeppnina [...]“.



18. Í reglum nr. 1370/2024 er fjallað um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda.⁴ Í 2. gr. er fjallað um inntak gæðaeftirlits en þar segir að gæðaeftirlit feli í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyrirtækis, könnun á því hvort að endurskoðun sé unnin í samræmi við góða endurskoðunarvenju og hvort farið sé að kröfum um óhæði. Þá er umfang vinnu endurskoðenda kannað sem og greiðslur fyrir þá þjónustu sem endurskoðendur veita.
19. Í 6. gr. reglnanna kemur fram að gæðaeftirlitsmenn skuli hafa viðeigandi menntun og reynslu í endurskoðun og reikningsskilum auk sérstakrar þjálfunar í gæðaeftirliti. Þá segir að starfandi endurskoðendur eða aðrir starfsmenn endurskoðunarfyrirtækja geti verið gæðaeftirlitsmenn. Ekki er gerður fyrirvari um það að heimild til þess sé undantekning frá meginreglu laganna.
20. Samkvæmt 12. gr. reglnanna skal að þeim sem sætir gæðaeftirliti tilkynnt um nöfn gæðaeftirlitsmanna og gefinn hæfilegur frestur til að gera athugasemdir við val á eftirlitsmönnum.
21. Í 22. gr. reglnanna kemur fram að gæðaeftirlitsmenn sáu bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum, sbr. 30. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun. Þá er tekið fram að reglur II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gildi um vanhæfi eftirlitsmanna.
22. Með núgildandi lögum um endurskoðendur og endurskoðun voru ákveðnar Evrópugerðir innleiddar inn í íslenskan rétt. Í breytingunum fólst m.a. að eftirlit með endurskoðendum var fært frá FLE og yfir til endurskoðendaráðs, en fyrra fyrirkomulagi var lýst í umsögn endurskoðendaráðs.
23. Í upphaflegu frumvarpi til nýrra laga um endurskoðendur og endurskoðun var gert ráð fyrir því að eftirlitið væri hjá Fjármálaeftirlitinu, sbr. 33. gr. frumvarps til laga um endurskoðendur og endurskoðun, þingskj. 365 – 312. mál. Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins skyldi eftirliti með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum skýrt af einstaklingum sem ekki séu starfandi sem endurskoðendur og hafi þekkingu til að bera. Jafnframt var kveðið á um að Fjármálaeftirlitið gæti leitað ráðgjafar endurskoðenda og annarra sérfræðinga og útvistað einstökum eftirlitsverkefnum en öll ákvörðunartaka skyldi vera hjá Fjármálaeftirlitinu.
24. Í nefndarálinni frá meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar eru lagðar til og rökstuddar breytingar á frumvarpinu að þessu leyti. Fram kemur að í umsögn frá Fjármálaeftirlitinu frá 23. nóvember 2018 sé því mótmælt að eftirlitið yrði fært á borð stofnunarinnar þar sem m.a. mikið álag væri á stofnuninni á þeim tíma og mikil vinna framundan við sameiningu stofnunarinnar við Seðlabanka Íslands. Einnig taldi stofnunin að eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum stæði fjarri kjarnastarfsemi stofnunarinnar og hefði í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum.⁵
25. Einnig er í nefndarálinni vísað til umsagnar FLE, dags. 26. nóvember 2018, þar sem fram kom að betur færi á að eftirlit með endurskoðendum væri í höndum sérstakrar stofnunar (Viðskiptastofnunar) sem jafnframt gæti annast eftirlit m.a. með lögum um ársreikninga, hlutafélög og einkahlutafélög. Með þessum hætti taldi FLE að grundvöllur væri kominn fyrir faglegum eftirlitsaðila.⁶

⁴ Eldri reglur voru nr. 1091/2020 og eru þær að mestu efnislega samhljóma nýjum reglum.

⁵ Sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-703.pdf>.

⁶ Sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-719.pdf>.



26. Í minnisblaði frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 3. apríl 2019 var farið yfir þær leiðir við útfærslu á gæðaeftirliti sem mögulegar væru í stöðunni og vinnuhópur við samningu frumvarpsins skoðaði. Þar sagði jafnframt að með frumvarpinu sem til meðferðar var á þeim tíma væri m.a. lagt til að innleiða ákvæði tilskipunar ESB nr. 2014/56 og reglugerð ESB nr. 537/2014. Meginmarkmið fyrirhugaðrar lagasetningar væri að styrkja opinbert eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum og færa lögbæru yfirvaldi nægilegar valdheimildir til að beita viðurlögum með það fyrir augum að hindra brot gegn gildandi lögum og reglum.

27. Um framangreint segir síðan í nefndaráli meiri hlutans:

„Meiri hlutinn hefur skilning á sjónarmiðum Fjármálaeftirlitsins um að óheppilegt sé að fela stofnuninni nýtt og viðamikið hlutverk sem ekki samrýmist öðrum verkefnum sem hún hefur með höndum. Þá telur meiri hlutinn ljóst, að undangengnu því samráði sem hefur verið lýst, að eini raunhæfi kosturinn, sem ekki felur í sér frestun á innleiðingu þeirra gerða sem ætlunin er að innleiða með frumvarpinu, sé að fela endurskoðendaráði eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum samkvæmt frumvarpinu sem og eftirlit með endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum. Í þessu skyni leggur meiri hlutinn til viðeigandi breytingar á frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að það fyrirkomulag sem hér er lagt til er bráðabirgðaúrræði þar til varanlegt úrræði fyrir framkvæmd eftirlits með endurskoðun og endurskoðendum verður sett á laggirnar. Meiri hlutinn tekur undir tillögu Félags löggiltra endurskoðenda um að settur verði á fót vinnuhópur sem leggi drög að slíkri lausn. Við þá vinnu verði tekið mið af fjórða valkostinum sem talinn var upp í minnisblaði ráðuneytisins um mögulega framkvæmd eftirlitsins og sneri að stofnun nýrrar stofnunar sem öll verkefni ráðuneytisins á viðskiptasviði heyrðu undir, þ.m.t. eftirlit með endurskoðendum.“ (Undirstrikun Samkeppniseftirlitsins)

3. Markaðir fyrir endurskoðun og staðan á þeim

28. Fjallað er um samkeppnisaðstæður á mörkuðum fyrir endurskoðun í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 45/2023, *Kaup Deloitte ehf. á eignum og rekstri Ernst & Young ehf.* Benti rannsóknin til þess að til staðar væri annars vegar markaður fyrir endurskoðun stærri fyrirtækja og hins vegar markaður fyrir endurskoðun á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sbr. nánari umfjöllun í 1. kafla ákvörðunarinnar.

29. Rannsóknin beindist einkum að áhrifum samrunans á markaði fyrir endurskoðun á stærri fyrirtækjum. Leiddi hún í ljós að veruleg samþjöppun yrði við samrunann á þessum markaði og breyting á samþjöppun, metin með HHI stuðlum, yrði yfir viðmiðum sem litið er til í evrópskum samkeppnisrétti. Í umsögnum keppnauta samrunaaðila voru jafnframt settar fram ýmsar athugasemdir og áhyggjur vegna samrunans. Þá benti rannsóknin til þess að talsverðar aðgangshindranir væru inn á markaðina. Í ákvörðuninni er m.a. vísað til þeirrar kvörtunar sem hér er til umfjöllunar.

30. Ekki reyndust forsendur til íhlutunar í umræddu samrunamáli. Skipti þar mestu máli að við meðferð málsins komu fram upplýsingar um að hið alþjóðlega vörumerki Ernst & Young væri að hverfa af íslenskum markaði, óháð samrunanum. Nánar er fjallað um þetta í ákvörðuninni. Ljóst er hins vegar að um er að ræða mikilvægan markað sem viðkvæmur er fyrir hvers konar samkeppnishindrunum.



4. Sjónarmið ráðuneytisins og endurskoðendaráðs – frekari sjónarmið kvartanda

31. Ráðuneytinu og endurskoðendaráði voru bæði gefin kostur á að veita umsögn um kvörtunina, en auk þess óskaði Samkeppniseftirlitið eftir svörum við spurningalista sem var í níu liðum. Spurningarnar tengdust allar framkvæmd gæðaeftirlits og verklagsreglna um eftirlitið.
32. Umsagnir og svör bárust bæði frá ráðuneytinu og endurskoðendaráði en ráðuneytið vísað að mestu til svara endurskoðendaráðs við svörum við spurningum.

4.1. Umsögn endurskoðendaráðs

33. Í umsögn sinni vísaði endurskoðendaráð til hlutverks endurskoðendaráðs sem finna má í 35. gr. laga um endurskoðendur, en hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði endurskoðunarlaga, góða endurskoðunarvenju, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.
34. Einnig tók endurskoðendaráð það fram í umsögn sinni að það sé afstaða ráðsins að á grundvelli laga um endurskoðendur sé endurskoðendaráði heimilt að ráða starfandi endurskoðendur til að annast framkvæmd gæðaeftirlits með endurskoðun félaga sem ekki teljast ETA-félög.⁷ Þá sé það enn fremur afstaða ráðsins að á grundvelli undanþáguákvæðis 5. tölul. 26. gr. reglugerðar ESB 537/2014 sé ráðinu heimilt og nauðsynlegt að fá endurskoðendur, sem starfa hjá íslenskum endurskoðunarfyrirtækjum, til að annast framkvæmd gæðaeftirlits endurskoðendaráðs með endurskoðun ETA-félaga.
35. Auk framangreinds svaraði endurskoðendaráð þeim spurningum sem Samkeppniseftirlitið hafði lagt fyrir það í umsagnarbeiðninni og sneri að undirbúningi og framkvæmd gæðaeftirlitsins. Í þeim svörum kom m.a. fram að miðað við umfang gæðaeftirlitsins teldi endurskoðendaráð nauðsynlegt að fá um 15-16 gæðaeftirlitsmenn til að sinna gæðaeftirliti ár hvert. Einnig kom fram að yfirgnæfandi meirihluti gæðaeftirlitsmanna væru starfandi endurskoðendur.
36. Í svörum ráðsins við spurningum Samkeppniseftirlitsins, kom einnig fram að við úthlutun verkefna til gæðaeftirlitsmanna sé ekki tekið tillit til þess hvort gæðaeftirlitsmaður sé eigandi, meðeigandi eða starfsmaður endurskoðunarfyrirtækis og því gæti eigandi endurskoðendafyrirtækis fengið það verkefni að framkvæma sem gæðaeftirlitsmaður eftirlit hjá keppinauti sínum.⁸ Samkvæmt endurskoðendaráði þarf gæðaeftirlitsmaður áður en hann hefst handa við að framkvæma gæðaeftirlit að staðfesta óhæði sitt og undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu vegna einstakra verkefna.
37. Samkvæmt ráðinu fer gæðaeftirlitið nær undantekningalaust fram á starfstöð þess sem sætir gæðaeftirliti. Samkvæmt ráðinu þá skoða gæðaeftirlitsmenn þau gögn sem þeir þurfa á vettvangi og taka aldrei afrit af gögnum. Þá sé gæðaeftirlitsmönnum óheimilt að vista gögn varðandi gæðaeftirlit á eigin tölvur.
38. Í svörum ráðsins kemur fram að það hafi brugðið á það ráð að ráða inn umsjónarmann gæðaeftirlits. Ástæða þess sé að framkvæmd gæðaeftirlits sé umfangsmikið og að mati

⁷ ETA er eining tengd almannahagsmunum og er hugtakið skilgreint ítarlegar í 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur.

⁸ Vert er að taka það fram að ekki verður markaður fyrir endurskoðunarfyrirtæki sértaklega skilgreindur í þessu bréfi, en ekki eru forsendur til þess hér. Því verður talað um endurskoðunarfyrirtæki almennt en möguleiki er á því að markaðurinn yrði skilgreindur þrengra. Er hér því látið duga að tala almennt um markað fyrir endurskoðunarfyrirtæki.



endurskoðendaráðs ljóst að þeir þrír aðilar sem sitja í ráðinu hafi ekki möguleika á að sjá um verkefnið. Þegar erindi endurskoðendaráðs var ritað var ekki að finna í lögum heimild til þess að skipa umsjónarmann, en sú heimild var sett með lögum nr. 9/2024, um breytingu á lögum nr. 94/2019. Með breytingunum var nýrri málsgrein bætt við 34. gr., þar sem kveðið er á um að endurskoðendaráði sé „heimilt að ráða sér starfsmann til þess að ráðið geti sinnt skyldum sínum“.

39. Ekki er kveðið frekar um hæfi umsjónarmanns. Í svari endurskoðendaráðs kemur hins vegar fram að það telji mikilvægt að umsjónarmaður gæðaeftirlits sé óháður og hagsmunalega ótengdur endurskoðunarfyrirtækjum. Að sögn endurskoðendaráðs hafi umsjónarmaður fram til þessa ekki verið úr röðum starfandi endurskoðenda, en endurskoðendaráð segist hafa gætt þess að viðkomandi aðili hafi ekki starfað hjá endurskoðunarfyrirtæki sem sætir gæðaeftirliti sl. þrjú ár. Hlutverk umsjónarmanns sé að halda utan um eftirlitið, vera gæðaeftirlitsmönnum til stuðnings og gæta þess að eftirlitið sé framkvæmt á samræmdan hátt. Við val á umsjónarmanni hafi einkum verið horft til þess að viðkomandi aðili búi yfir mikilli reynslu af endurskoðun og hafi mjög góða þekkingu á gildandi endurskoðunarstöðlum og regluverki.

4.2. Umsögn ráðuneytisins

40. Í umsögn frá ráðuneytisins var farið yfir þær tilskipanir og reglugerðir er snerta endurskoðunarfyrirtæki og rakin einstaka ákvæði og hvernig þau hafa verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um endurskoðendur og endurskoðun.
41. Í umsögninni kemur fram að á grundvelli 3. mgr. 31. gr. laganna hafi endurskoðendaráð sett reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda, nr. 1091/2020. Þar komi m.a. fram í 1. mgr. 6. gr. að gæðaeftirlitsmenn skuli hafa viðeigandi menntun og reynslu í endurskoðun og reikningsskilum auk sérstakrar þjálfunar í gæðaeftirliti. Einnig sé að finna ákvæði sem kveði á um að starfandi endurskoðendur eða aðrir starfsmenn endurskoðunarfyrirtækja geti verið gæðaeftirlitsmenn. Hins vegar sé einnig kveðið á um að gæðaeftirlitsmönnum sé ekki heimilt að koma að gæðaeftirliti á endurskoðunarfyrirtækjum eða endurskoðendum sem þar starfa fyrr en lágmarki þrjú ár eru liðin frá því að viðkomandi hætti sem meðeigandi eða starfsmaður umrædds endurskoðunarfyrirtækis eða rauf önnur tengsl sín við endurskoðunarfyrirtækið. Með umræddu ákvæði sé innleitt ákvæði b-liðar 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 2006/43/EB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/56/ESB. Í 8. gr. reglnanna er einnig kveðið á um að gæðaeftirlitsmaður skuli staðfesta óhæði sitt og að ekki sé að vænta neinna hagsmunaárekstra hans og endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins sem sætir gæðaeftirliti.
42. Ráðuneytið bendir einnig á í umsögn sinni að e-liður 1. mgr. 29. gr. tilskipunar 2006/43/EB geri ráð fyrir að val á gæðaeftirlitsmanni fari fram í samræmi við hlutlæga aðferð sem miðar að því að tryggja að ekki séu neindir hagsmunaárekstrar milli gæðaeftirlitsmanna og endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækis sem er í athugun. Í 2. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar eins og henni var breytt með tilskipun 2014/56/ESB er kveðið á um að í tengslum við e-lið 1. mgr. skuli a.m.k. eitt af tilgreindum viðmiðum gilda um val á gæðaeftirlitsmönnum. Viðmiðin taka til menntunar, reynslu og þjálfunar gæðaeftirlitsmanns, óhæði gæðaeftirlitsmann með tillit til starfa hans eða tengsla við endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem sætir gæðaeftirliti. Til að tryggja sem best þekkingu, reynslu og óhæði gæðaeftirlitsmanna hafa framangreind þrjú viðmið í 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 2006/43/EB öll verið tekin upp í íslenskan rétt, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 32. gr. laga um endurskoðendur og 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 1091/2020. Gerðar séu ítarlegar kröfur til endurskoðenda varðandi óhæði. Það sé ein af grunnstöðum í starfi endurskoðenda að þeir séu óháðir í reynd og ásýnd varðandi vinnu sína og fylgi endurskoðendur ströngum siðareglum. Mikilvægi óhæðis endurskoðenda sé að vekja tiltrú markaðarins á fjárhagssupplýsingum félaga.



Gæðastaðlar og gæðaeftirlit byggja á því að endurskoðunin sé unnin á kerfislegan hátt og að ferlið sé gagnsætt og skjalað þannig að gæði vinnunnar við endurskoðun hinnar endurskoðuðu einingar sé tryggt og byggist á stöðlum og óháðu mati.

43. Varðandi gæðaeftirlit með endurskoðendum sem sinna endurskoðun hjá einingum tengdum almannahagsmunum og ákvæði 5. mgr. 26. gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014, tekur ráðuneytið undir það sem fram kemur í umsögn endurskoðendaráðs að í ljósi smæðar íslenska markaðarins og þess hve fáir endurskoðendur uppfylla þær kröfur sem áskildar eru um störf gæðaeftirlitsmanna með endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, sé erfiðleikum háð að fá til starfa gæðaeftirlitsmenn sem ekki tengist endurskoðunarfyrirtækjum og búi jafnframt yfir þeirri hæfni, menntun og reynslu sem áskilið sé að gæðaeftirlitsmenn hafi yfir að ráða, lögum samkvæmt.
44. Ennfremur telur ráðuneytið að ákvæði tilskipana 2006/43/EB og 2014/56/ESB, og reglugerðar ESB nr. 537/2014, heimili aðildarríkjunum að setja upp gæðaeftirlitskerfi þar sem starfandi endurskoðendur sinni störfum gæðaeftirlitsmanna. Ráðuneytið telur að umræddar tilskipanir og reglugerð hafi því verið innleiddar með réttum hætti hvað þetta atriði varðar.

4.3. Fundir með ráðuneytinu og endurskoðendaráði

45. Samkeppniseftirlitið átti fundi með bæði fulltrúum frá ráðuneytinu og endurskoðendaráði eftir að Samkeppniseftirlitið hafði yfir farið umsagnir auk svara við þeim spurningum sem eftirlitið lagði fyrir umsagnaraðila. Á þeim fundum voru fulltrúum ráðuneytisins og endurskoðendaráðs tilkynnt að Samkeppniseftirlitið væri með það til skoðunar að beina tilmælum eða álitum að ráðherra er lyti að framkvæmd gæðaeftirlits endurskoðendaráðs með endurskoðendum.
46. Á fundi Samkeppniseftirlitsins og endurskoðendaráðs var fulltrúum Samkeppniseftirlitsins tilkynnt að fyrirkomulagi á gæðaeftirliti endurskoðendaráðs yrði breytt. Samningi við Skattinn um framkvæmd eftirlits um skyldur endurskoðunarfyrirtækja samkvæmt lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, hafi verið sagt upp. Endurskoðendaráð hafði farið með framkvæmd eftirlitsins samhliða gæðaeftirliti ráðsins á grundvelli samnings við Skattinn undanfarin ár. Að mati Samkeppniseftirlitsins kunna þessar breytingar á framkvæmd eftirlitsins að hafa dregið úr mögulegum samkeppnishömlum vegna framkvæmdarinnar, enda fólst í eftirlitinu viðamikill aðgangur að viðkvæmum viðskiptagögnum til handa eftirlitsaðilum. Hins vegar standa eftir verkefni sem geta verið mikilvæg í samkeppnislegu tilliti.
47. Á sama fundi var Samkeppniseftirlitinu einnig tilkynnt að til skoðunar væri að breyta framkvæmd gæðaeftirlits á endurskoðunarfyrirtækjum sem ekki teljast ETA-félög og ætti matið á umfangi eftirlitsins að vera sveigjanlegra og taka mið af verkefnum viðkomandi eftirlitsskylda aðila. Að mati Samkeppniseftirlitsins kunna þessar breytingar að vera til bóta fyrir minni endurskoðunarfyrirtæki.

4.4. Frekari sjónarmið kvartanda

48. Kvartanda var gefið færi á að koma á framfæri athugasemdum við umsagnir bæði ráðuneytisins og endurskoðendaráðs. Barst umsögn frá kvartanda þar sem kom fram að það væri mat kvartandans að ekkert hefði komið fram í umsögnum endurskoðendaráðs og ráðuneytisins sem breyti því mati kvartanda að í framkvæmd gæðaeftirlitsins felist samkeppnishömlur. Kvartandi ítrekaði að einkum þyrfti að horfa til þess annars vegar að gæðaeftirlitsmenn fái aðgang að viðskiptalega viðkvæmum upplýsingum um rekstur þess sem sætir eftirliti og hins vegar að



gæðaeftirlitsmönnum er gert kleift að leggja stein í götu keppinauta með ákvörðun um umfang skoðunar.

49. Kvartandi mótmælir því sem fram kemur í umsögnum endurskoðendaráðs og ráðuneytisins, um að undanþáguheimild í 5. mgr. 26. gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014 eigi við, vegna smæðar íslenska markaðarins og þess hversu fáir endurskoðendur uppfylli gerðar kröfur og tengist ekki endurskoðunarfyrtækjum. Kvartandi segir vissulega rétt að í lok 5. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar sé að finna heimild til að gera samninga við starfandi endurskoðendur um eftirlit, en mikilvægt sé að hafa það í huga að um sé að ræða undantekningareglu og að tiltekin skilyrði verði að vera fyrir hendi ef að beita á þeirri reglu. Þannig sé ljóst af b-lið 5. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar að meginreglan sé sú að aðili, sem sé starfandi endurskoðandi eða aðili sem sé ráðinn af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki eða er á annan hátt í samstarfi við slíkan, sé ekki heimilt að starfa sem eftirlitsmaður. Sú meginregla sé í samræmi við það sem segir í málsgrein 22 í aðfaraorðum reglugerðarinnar, en þar er fjallað um mikilvægi þess að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki heyri undir viðeigandi eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda sem eru óháð endurskoðunarstarfsemi og hafi nægilega getu, sérfræðipekkingu og tilföng.
50. Undantekninguna frá þessari meginreglu sé að finna í lok 5. mgr. 26. gr., þar sem kveðið er á um heimild til að semja við starfandi endurskoðendur um að annast eftirlit ef ekki er nægilegur fjöldi eftirlitsmanna hjá yfirvaldinu, og að yfirvaldið geti notið aðstoðar sérfræðinga ef knýjandi nauðsyn ber til svo að eftirlitið fari fram á tilhlýðilegan hátt. Að mati kvartanda sé forsenda þess að byggja á umræddri undantekningarreglu að sýnt sé fram á ekki sé unnt að fá til starfsins aðila sem ekki er starfandi hjá endurskoðunarfyrtæki. Að mati kvartanda þá liggi í augum uppi að ekki sé nægilegt að vísa til þess með almennum hætti að endurskoðendaráð telji að ómögulegt sé að fá eftirlitsmenn til starfa sem eru ekki tengdir endurskoðunarfyrtækjum, heldur verði að gera þá kröfu að sýnt sé fram á slíkan ómöguleika með ótvíræðum hætti.
51. Samkvæmt kvartanda þá eru á bilinu 3-400 löggiltir endurskoðendur hér á landi og einungis hluti þeirra sé starfandi á endurskoðunarskrifstofu. Fram komi í umsögn endurskoðendaráðs að á árinu 2021 hafi farið samtals 650 klukkustundir í framkvæmd gæðaeftirlits. Það samsvari fullu starfi í um 4 mánuði, eða sem nemur þriðjungs stöðugildi á ársgrundvelli. Enn fremur telur kvartandinn fulla ástæði til þess að það verði skoðað hvort að einstaklingur sem starfi í hálfu starfi hjá endurskoðendaráði geti annast eftirlitið á grundvelli laga um endurskoðendur. Í öllu falli telur kvartandi að engan veginn hafi verið sýnt fram á að ómögulegt sé að fá óháðan aðila til að sinna gæðaeftirliti, þegar slíkur aðili er starfandi hjá ráðinu í starfshlutfalli sem ætti að nægja til þess að geta sinnt eftirliti, miðað við umfang eftirlitsins.
52. Að sama skapi telur kvartandi að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1091/2020 fari ekki saman við reglur 26. gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014. Umrætt ákvæði reglugerðar nr. 1091/2020 slái því föstu að starfandi endurskoðendur eða aðrir starfsmenn endurskoðunarfyrtækja geti verið gæðaeftirlitsmenn, án nokkurrar tilvísunar til þess að það sé aðeins heimilt í undantekningartilfellum og að uppfylltum tilteknum, skv. 26. gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014.
53. Þá telur kvartandi að jafnvel þótt sýnt sé fram á að ómögulegt væri að ráða til starfa aðila sem eru ekki starfandi endurskoðendur eða starfsmenn endurskoðunarfyrtækja, þá breyti það engu um þá staðreynd að eftirlitsmenn fái í starfi sínu aðgang að viðskiptalega viðkvæmum upplýsingum og séu í aðstöðu til að hafa óæskileg og íþyngjandi áhrif á starfsemi þess sem sætir eftirliti. Að mati kvartanda sé staðfest í umsögnum endurskoðendaráðs og ráðuneytisins að gæðaeftirlitsmenn framkvæmi gæðaeftirlit hjá keppinautum sínum. Kvartandi ítrekar að óháð



því hvort yfir höfuð sé heimilt að fela gæðaeftirlitsmönnum að framkvæma eftirlit hjá keppinautum sínum, þá fari því fjarri að framkvæmdin eins og hún sé í dag tryggi eins og framast sé unnt að framkvæmt eftirlitsins leiði ekki til óæskilegra samkeppnishindrana.

54. Þá telur kvartandi það ekki hafa neina þýðingu að gæðaeftirlitsmenn séu bundnir trúnaði í störfum sínum. Vísar kvartandi í því sambandi til rótgróinna sjónarmiða samkeppnisréttar sem standi að baki 10. gr. samkeppnislaga, þess efnis að tryggja þurfi að samkeppnisaðilar hegði sér með sjálfstæðum hætti á markaði og taki ákvarðanir upp á eigin spýtur. Enn mikilvægara sé að standa vörð um sjálfstæða ákvarðanatöku keppinauta á fákeppnismörkuðum og vísar kvartandi máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019, *Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Byko ehf. og Norvik hf.*

5. Tilmæli til atvinnuvegaráðherra og endurskoðendaráðs

55. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði. Samkvæmt 18. gr. sömu laga skal Samkeppniseftirlitið vekja athygli ráðherra á því í sérstöku álit ef það telur að ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæla fara gegn markmiðum samkeppnislaga eða torvelda frjálsa samkeppni.
56. Lög um endurskoðendur og endurskoðun falla undir málefnasvið atvinnuvegaráðherra. Í 33. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun segir að endurskoðendaráð annist eftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna er endurskoðendaráð skipað þremur einstaklingum og jafnmörgum til vara og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun. Er ráðið skipað af ráðherra til fjögurra ára í senn. Í reglum nr. 1370/2024 er fjallað um framkvæmd gæðaeftirlits, líkt og áður er rakið.
57. Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum og framkomnum sjónarmiðum kvartanda, ráðuneytisins og endurskoðendaráðs, er það mat Samkeppniseftirlitsins að núverandi fyrirkomulag eftirlits með endurskoðendum, þar sem gæðaeftirliti með endurskoðendum er útvistað til starfandi endurskoðenda, sé til þess fallið að raska samkeppni á mörkuðum þar sem endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki starfa á grundvelli laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.
58. Útvistun gæðaeftirlitsins skapar óhjákvæmilega hættu á að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist á milli keppinauta og að sú upplýsingamiðlun og framkvæmd hins útvistaða eftirlits raski samkeppni með alvarlegum hætti. Sérstaklega ber að forðast slíkar aðstæður á mörkuðum þar sem samþjöppun er mikil og aðgangshindranir eru ríkar, en eftirlitið hefur í öðru máli talið að slíkar aðstæður séu uppi á sviði endurskoðunar, sbr. ákvörðun nr. 45/2023. Breytingar á fyrirkomulagi eftirlits sem kynntar hafa verið fyrir eftirlitinu við meðferð þessa máls, sbr. kafla 4.3 hér að framan, kunna að vera til bóta en eyða ekki hættu á samkeppnisröskunum vegna þessa.
59. Vakin er athygli á því að núgildandi lagafyrirmæli um eftirlit með endurskoðendum bera með sér að því var komið á til bráðabirgða, þar til varanlegu úrræði yrði komið á. Slíku varanlegu úrræði hefur hins vegar ekki verið komið á enn, þrátt fyrir síðari breytingar á lögum um endurskoðun og endurskoðendur. Á samþjöppuðum markaði fyrir endurskoðunarþjónustu hérlendis eru ríkir almann- og neytendahagsmunir af því að virk samkeppni ríki milli endurskoðunarfyrirtækja. Þannig er mikilvægt að samkeppni um endurskoðun á hinum ýmsu fyrirtækjum í atvinnulífinu, hvers kostnaður myndar eðli málsins samkvæmt vöru- og



þjónustuverð til viðskiptavina og almennings, sé ekki raskað og ekki sé stuðlað að samhæfingu endurskoðunarfyrirtækja á grundvelli núverandi bráðabirgðafyrirkomulags gæðaeftirlits sem stjórnvöldum og löggjafanum hefur enn ekki tekist að lagfæra og breyta.

60. Með hliðsjón af framangreindu og á grundvelli c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, sbr. einnig 18. gr. sömu laga, beinir Samkeppniseftirlitið eftirfarandi tilmælum og leiðbeiningum til annars vegar atvinnuvegaráðherra og hins vegar endurskoðendaráðs:

i. **Mælt er til þess að atvinnuvegaráðuneytið endurskoði núverandi framkvæmd á gæðaeftirliti með endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum.**

Núgildandi tilhögun á gæðaeftirliti með endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum er til þess fallin að skaða samkeppni á viðkomandi markaði og stríðir þannig gegn markmiði samkeppnislaga. Brýnt er því að endurskoða umgjörð og tilhögun gæðaeftirlitsins.

Hefur Samkeppniseftirlitið þar á meðal í huga að þegar núgildandi skipan var komið á lagði ráðuneyti málaflokksins til aðra skipan, þ.e. að eftirlitið yrði falið Fjármálaeftirlitinu. Í meðförum Alþingis var ákveðið að fara þá leið sem núgildandi lög kveða á um og í nefndaráli meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er það rökstutt svo að það sé „*eini raunhæfi kosturinn, sem ekki felur í sér frestun á innleiðingu þeirra gerða sem ætlunin er að innleiða með frumvarpinu*“. Hins vegar er lögð á það áhersla í nefndarálitinu að um sé að ræða „*bráðabirgðaúrræði þar til varanlegt úrræði fyrir framkvæmd eftirlits með endurskoðun og endurskoðendum verði sett á laggirnar*“.

Liður í framangreindri endurskoðun er að ganga úr skugga um að ákvæði tilskipunar ESB, sem innleidd voru lögum nr. 94/2019 sé réttilega innleidd. Samkeppniseftirlitið tekur ekki formlega afstöðu til þessa, en vekur athygli á að lögskýringargögn bera ekki skýrt með sér að það hafi verið gert við þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum Alþingis.

Í þessu sambandi vísar Samkeppniseftirlitið jafnframt til álits stofnunarinnar nr. 2/2009, *Samkeppnismat stjórnvalda*, þar sem því var beint til stjórnvalda að framkvæma svokallað samkeppnimat við lagasetningu. Í því felst að valin sé sú leið við lagasetningu sem nái settu markmiði án þess að skaða hagsmuni af samkeppni. Sé nauðsynlegt að setja reglur sem takmarki samkeppni skal sú leið valin sem skaðar samkeppni sem minnst. Byggir álitnið á aðferðafræði OECD um samkeppnismat.⁹

ii. **Þar til að endurskoðun samkvæmt lið i) hefur farið fram beinir Samkeppniseftirlitið því til ráðuneytisins og endurskoðendaráðs að tryggja að við úthlutun verkefna í gæðaeftirliti verði spornað við því að eftirlitið sé í höndum beinna keppnauta þeirra aðila sem sæta eftirliti hverju sinni.**

Miðað við þær upplýsingar sem ráðuneytið og endurskoðendaráð hafa gefið er ekkert í núgildandi ferlum sem útilokar að gæðaeftirlit sé framkvæmt af keppnauti þess sem sætir eftirliti. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa til kynna að áriðandi sé að efla samkeppni á mörkuðum fyrir endurskoðun fyrirtækja. Það að stjórnvöld veiti aðilum á markaði aðgang að upplýsingum um keppnauta og e.a. möguleika á því að hlutast til um starfsemi keppnauta í gegnum aðkomu að gæðaeftirliti er til þess fallið að raska samkeppni.

⁹ <https://www.oecd.org/competition/assessment-toolkit.htm>.



Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að girða fyrir að fyrirtæki sem keppa um hylli sömu viðskiptavina hafi eftirlit hvert með öðru með þeim hætti sem núverandi lög um endurskoðendur og endurskoðun virðast heimila. Endurskoða verður viðmið um val á framkvæmdaraðila eftirlits, svo sem með því að útvíkka mat á óhæði þannig að það taki til mats á því hvort um keppinauta sé að ræða. Til álita getur komið að einskorða útvistun við aðila sem ekki verða taldir nánir keppinautar þess sem sætir eftirliti. Jafnframt mætti styrkja rétt þess sem sætir eftirliti til þess að mótmæla eða hafna vali á viðkomandi gæðaeftirlitsmanni, sbr. 12. gr. reglna nr. 1379/2024.

iii. **Tryggja verður að þátttakendur í gæðaeftirliti á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun séu meðvitaðir um að þátttakan getur falið í sér háttsemi sem fer gegn banni við ólögmætu samráði.**

Upplýsingaskipti milli keppinauta geta falið í sér sjálfstæð brot á banni við ólögmætu samráði, sbr. 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga.

Ákvæði nógildandi laga um endurskoðendur og endurskoðun, þ. á m. heimild til útvistunar eftirlitsverkefna, girða ekki fyrir að aðkoma keppinauta að eftirlitinu teljist í andstöðu við samkeppnislög. Það er því á ábyrgð hvers og eins sem að eftirlitsverkefnum koma að tryggja að háttsemi þeirra sé lögmæt að þessu leyti.

61. Það er grundvallarforsenda virkrar samkeppni að keppinautar starfi sjálfstætt og að fyrir hendi sé eðlileg óvissa um fyrirætlanir keppinauta sem starfa á markaðnum. Líkt og áður sagði er ekki hægt að útiloka að útvistun eftirlitsverkefna geti leitt af sér ólögmæta háttsemi í skilningi samkeppnislaga. Jafnframt geta lagaákvæði eða athafnir opinberra aðila sem leiða til eða auðvelda upplýsingaskipti á milli keppinauta leitt til sambærilegra skaðlegra áhrifa á samkeppni og ólögmætt samráð.
62. Því er afar mikilvægt að opinberir aðilar gæti þess að þeirra aðkoma auðveldi ekki upplýsingaskipti eða samstarf á milli keppinauta sem geti haft skaðleg áhrif á samkeppni. Sama á við um aðila sem eftirlitsverkefnum er útvistað til.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson